

118. stjórnarfundur Nýheima þekkingarseturs

4. 11. 2020 kl. 8:15 – 9:45

Fjarfundur settur kl. 8:15

Fundarstjóri: Hólmfríður Bryndís Þrúðmarsdóttir

Ritari: Hugrún Harpa Reynisdóttir

Mætt: Þorvarður Árnason, Kristín Hermannsdóttir, Eyjólfur Guðmundsson, Bjarni Guðmundsson, Vilhjálmur Magnússon, Eyrún Helga Ævarsdóttir, Ragnhildur Jónsdóttir, Hólmfríður Bryndís Þrúðmarsdóttir, Karl Friðriksson og Hugrún Harpa Reynisdóttir.

Fjarverandi: Steinunn Hödd Harðardóttir og Hrafnkell Guðnason

Náttúruvernd, friðlýsingar og ferðamenn. Erindi Náttúrustofu Suðausturlands

Kristín sagði frá verkefnunum „Náttúruvernd og efling byggða“ sem snýr að friðlýsingum og „Vöktun náttúruverndarsvæða 2020-2024“ þar sem verið er að skoða ágang ferðamanna á náttúru landsins. Verkefni eru meðal fjölmargra verkefna sem Náttúrustofan vinnur að um þessar mundir.

Að hugleiða framtíðir, hvernig aukum við framtíðarlæsi? Erindi frá Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Karl sagði frá útgáfu kennslubókarinnar *Að hugleiða framtíðir* og kynnti efni hennar og áherslur. Bókin er gefin út af Framtíðarsetri Íslands og er ætlað að virkja ungt fólk til að huga að framtíðaráskorunum fyrir sig og samfélagið. Bókin mun nýtast í nýsköpunarfræðslu hvers konar og verður gerð aðgengileg á rafrænu formi.

Legends

Hugrún Harpa sagði frá því að upphafsfundur verkefnisins Legends hefur verið haldinn og verkefnið því komið af stað. Legends er eitt af fjórum nýjum Erasmus+ verkefnum sem setrið tekur þátt í. Verkefnið leggur áherslu á menningararfleið Evrópu sem tengist goðsögnum og þjóðsögnum og verður ein afurð þess námsefni sem mun byggja á gildum þessara sagna.

Verkefni um ævimenntun

Hugrún Harpa fór yfir minniblað forstöðumanns sem lá fyrir fundinum. Stjórn tók á síðasta ári ákvörðun um að hafin yrði vinna við umsókn setursins um að verða viðurkenndur fræðsluaðili. Hugrún fór yfir þá vinnu sem starfsfólk hefur unnið fram til þessa. Umræður sköpuðust um næstu skref og áherslur setursins og tengdra stofnana hvað varðar tækifæri til menntunar á svæðinu. Stjórn felur forstöðumanni að vinna áfram að málinu og hefja mótun umsóknar út frá þeim forsendum sem fram koma í minnisblaðinu og umræðum á fundinum.

Samráðsfundur með MRN

Málinu frestað til næsta fundar.

Fundi slitið klukkan 9:57

Hugrún Harpa Reynisd.
Hólmfríður Þrúðmarsd.